

Kæri MH-ingur – sent 7. nóvember 2022

Nú nálgast lokapróf haustannar og undanfarið hefur verið mikið að gera hjá flestum nemendum í MH. Við hvetjum þig til að taka námið alvarlega þessar síðustu vikur og leggja þig fram eins og kostur er. Mundu að setja námið í fyrsta sæti og ekki gleyma að borða hollt og sofa nóg.

Miðvikudaginn 30. nóvember er engin kennsla í MH og fyrsta próf hefst fimmtudaginn 1. desember.

Alltaf eru einhverjir nemendur sem þurfa sérúrræði í lokaprófum og við tökum tillit til þess. Ýmis úrræði standa ykkur til boða sem eigið greiningar af einhverjum toga, hafið vottorð frá lækni /sálfræðingi eða eruð í reglulegu sambandi við náms- og starfsráðgjafa eða námsver MH.

Úrræði sem í boði eru eftirfarandi:

- að taka próf í kennslustofu frekar en á sal
- að lesblindir nemendur geta fengið lituð prófblöð eða prófið á hljóðskrá
- að taka próf í námsveri (gildir um þá sem hafa sótt námsver í haust)
- ýmis önnur sérúrræði í samráði við námsráðgjafa

Koma þarf til námsráðgjafa og sækja um sérúrræði í prófum fyrir 18. nóvember.

ATH að ekki þarf að sækja sérstaklega um lengri próftíma, aðeins lituð blöð, upplestur eða taka próf í kennslustofu (hámark 12 saman í kennslustofu í staðin fyrir að vera á sal)

Ef einhverjar spurningar vakna hafið þá samband við náms- og starfsráðgjafa MH.

Kv. Fríður, Ásdís og Sigga Birna.